

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn föstudaginn 3. júlí kl 9.15 með aðstoð síma. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar 8. júní 2015
Lögð fram fundargerð stjórnar FV frá 8. júní 2015 til staðfestingar. Fundargerð var kynnt í tölvupósti þann 9. júní. Fundargerð samþykkt.
2. Tillaga úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða á styrkjum sjóðsins fyrir árið 2015
Lagðar fram fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða, frá 9., 22., 29. og 30. júní 2015. Með fundargerð 30. júní er gerð tillaga að úthlutun styrkja Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2015 á grundvelli auglýsingar frá 1. apríl s.l.

Samkvæmt samþykkt stjórnar FV frá 22. febrúar s.l. voru 60 milljónir til ráðstöfunar úr sjóðnum og ber að skipta þeim þannig að 20 milljónir gangi til stærri nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir eru hærri en ein milljón, 20 milljónir ganga til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærri menningarverkefna þar sem styrkir eru hærri en ein milljón. Loks ganga 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru ein milljón eða lægri.

Úthlutunarnefndin tók ákvörðun um þá viðmiðunarreglu, með hliðsjón af samningi um sóknaráætlun og úthlutunarreglum, að menningarstofnanir sem væru alfarið í eigu sveitarfélaga ættu ekki kost á stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarstofnana, en gætu hins vegar fengið verkefnastyrki til afmarkaðra verkefna. Ennfremur ákvað Úthlutunarnefnd í ljósi þess hve fáar umsóknir bárust um styrk til þriggja ára að veita ekki slíka styrki við þessa úthlutun.

Niðurstaða úthlutunarnefndar var að styrkja að þessu sinni 20 verkefni í hærri flokkum (styrkir hærri en milljón, 40 milljónir samtals til ráðstöfunar í þeim flokkum) á árinu 2015. Alls voru 9 þessara verkefna á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar, en 11 verkefni voru annaðhvort viðameiri menningarverkefni eða að um var að ræða stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana. Meðalupphæð þessara stærri styrkja var 2 milljónir, en upphæðir þeirra voru á bilinu 1,2 milljónir til 5 milljónir sem var hæsti styrkur. Í flokknum minni styrkir (milljón eða minna), þar sem 20 milljónir voru til ráðstöfunar, fengu alls 36 verkefni styrkvilyrði á bilinu 110 þúsund til 1 milljón. Meðalupphæð minni styrkja var því rúmlega 555 þúsund.

Heildarfjöldi styrktra verkefna var því 56 og eru viðtakendur styrkjanna 49. Meðalupphæð styrkvilyrða í heildina er tæp 1,1 milljón. Varðandi kynjahlutföll í úthlutun þá skiptast styrkvilyrði þannig að varðandi stærri verkefnin 20 eru í 11 tilvikum konur í forsvari verkefna eða stofnana, en í 9 tilvikum karlar. Varðandi minni verkefnin 36 er skiptingin til helminga, í 18 tilvikum eru konur í forsvari og í 18 tilvikum karlar.

Gerður verður samningur um útborgun styrkjanna og starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa umsjón með samningagerð og eftirfylgni með verkefnum. Styrkþegar þurfa að skila áfanga- og lokaskýrslum ásamt afriti af bókhaldsgögnum til

að fá lokagreiðslu styrkja greidda út. Styrkir eru endurkræfir ef ekkert verður af verkefnum eða ef framkvæmd þeirra reynist í ósamræmi við umsókn, án þess samráð hafi verið haft við starfsmenn.

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnulag nefndarinnar sem fór eftir samþykkt stjórnar frá 22. febrúar s.l.. Stjórnarmenn gerðu grein fyrir tengslum sínum við einstök verkefni en tillagan er afgangur í einni heild. Tillagan borinn upp og samþykkt.

3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

a. Staðfesting á afhendingu Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 til stýrihóps Framkvæmdastjóri lagði fram skýrsluna, Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 til staðfestingar stjórnar. Skýrslan var send Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál þann 1. júlí s.l.. Efni skýrslunnar byggir á niðurstöðum samráðsfunda sem haldnir voru á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði í janúar, greiningarvinnu Atvest og FV á stöðu atvinnulífs og samfélaga og samráðsfundi með forsvarsmönnum sveitarfélaga. Gerð er tillaga að þrem áhersluverkefnum á grundvelli samþykktar stjórnar FV frá 8. júní s.l.. Áætlunin hefur ekki verið lögð fyrir samráðsvettvang samkvæmt skilyrðum samnings FV og ráðuneyta.

b. Dagsetning samráðsfundar.

Mikilvægt að samráðsvettvangur komi saman. Stjórn FV ítrekar að sveitarfélög skili inn tilnefningum í samráðsvettvang. Rætt um dagsetningu samráðsfundar, samþykkt að boða fund 21. ágúst.

4. Önnur mál

a. Aðalfundur Atvest.

Lögð fram gögn aðalfundar sem haldinn var þann 22. júní s.l.. Framkvæmdastjóra falið að kynna sveitarfélögum framlögð gögn.

b. Samgönguáætlun 2015-2018.

Lögð fram umsögn FV frá 10. júní s.l. til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis. Staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9.45.